

**BORGARRÁÐ 16. apríl 2020: Ítrekun á fyrirspurn borgarráðsfulltrúa
Sjálfstæðisflokksins um Spor í sandinn vegna lóðarvilyrðis að Stekkjarbakka Þ73 -
R19010136**

Óskað er upplýsinga um hvenær vænta megi svars við neðangreindri fyrirspurn sem lögð var fram í borgarráði 27. febrúar síðastliðinn; Óskað er upplýsinga um hvort þeir lögaðilar sem hafa fengið lóðarvilyrði við Stekkjarbakka Þ73, Spor í sandinn, hafi skilað inn gögnum og uppfyllt þau skilyrði sem fram koma á vef Reykjavíkurborgar vegna lóðaúthlutunar. Nú þegar hefur borgin borið margvíslegan kostnað vegna skipulags við Stekkjarbakka. Þá er rétt að benda á að vilyrði fyrir lóð var veitt án auglýsingar eða útboðs. Þegar lögaðilar fá úthlutaðri lóð þurfa þeir að leggja fram ítarleg gögn. Yfirlýsingu frá banka eð annarri fjármálastofnun sem til að sýna fram á að tilboðsgjafi geti staðið undir kostnaði við áætlaðan byggingarkostnað, gatnagerðargjaldi og kaup á byggingarrétti. Þá skulu lögaðilar leggja fram ársreikning vegna síðasta árs og skila inn lánsloforði eða yfirlýsingu banka um fjármögnun.